

Mál nr. 359/2020**M og
V v/ slysátryggingar launþega.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss fyrrverandi starfsmanns vátryggingafélags.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20.10.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 30.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var starfsmaður V til áratuga en lét af störfum 3. apríl 1981. Í samkomulagi milli hans og V, dags. 24. ágúst 2017, kemur fram að M muni láta af störfum 3. apríl 1981. Þá segir orðrétt í samkomulaginu: „Starfsmannakjör trygginga verða í gildi til endurnýjunar 1. mars 2019.“

M slasaðist á ferðalagi á Ströndum með fyrrum vinnufélögum hjá V 4. júlí 1981. Hefur M krafist bóta úr slysátryggingu launþega sem V hafði í gildi hjá sjálfu sér. Kveður M fyrrgreint ákvæði í starfslokasamningnum leiða til þess að slysátryggingin hafi ekki verið fallin úr gildi gagnvart honum þegar slysið varð. V hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni.

Álit.

Í skilmálum fyrir slysátryggingu launþega hjá V segir að vátryggðir séu launþegar í starfi hjá vátryggingartaka, en í því tilviki sem hér um ræðir er V einnig vátryggingartakinn.

Slysátrygging launþegar byggist á ákvæðum í kjarasamningum vinnuveitenda og stéttarfélaga. Samkvæmt kjarasamningi milli VR og Samtaka atvinnulífsins, sem launakjör M munu hafa grundvallast á, tekur vátryggingin gildi gagnvart starfsmanni „þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum.“

Óumdeilt er að M hafði hætt störfum hjá M þegar hann slasaðist. Hann naut því ekki verndar samkvæmt slysátryggingunni, hvorki samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar né ákvæðum í kjarasamningi.

Ákvæði í samkomulagi um starfslok M hjá V um að starfsmannakjör trygginga yrðu í gildi til endurnýjunar 1. mars 2019 á einungis við um sérstök ráðningarkjör á þeim vátryggingum sem hann keypti hjá félaginu meðan hann var í ráðningarsambandi við félagið, þ.e. að hann nyti þess afsláttar sem hann hafði sem starfsmaður fram að endurnýjun vátrygginganna 1. mars 2019. Í þessu samkomulagsákvæði gat á engan hátt falist að hann skyldi njóta vátryggingarverndar samkvæmt slysátryggingu launþegar eftir að hann hætti störfum hjá félaginu. Ekkert liggur því fyrir í málinu sem sýnir fram á að M skyldi njóta verndar samkvæmt slysátryggingu launþega eftir að hann lét af störfum hjá V. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 24. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.